

Tillaga Flokks fólksins um að leitað verði leiða til að bjóða eldri borgurum upp á sveigjanlegri vinnulok. Tillagan nær til allra eldri borgara sem starfa á vegum Reykjavíkurborgar en nú erfólki gert að hætta störfum við sjötugsaldur hvort sem því líka það betur eða verr. Þessi tillaga hefur áður verið lögð fram af Flokki fólksins en ekki fengið skoðun heldur verið svarað með því að einhver hópur sé að skoða málið. Af þeim hópi hefur ekkert frést.

Lengi hefur það gilt að opinberir starfsmenn láti af störfum sjötugir að aldri, sama á hvaða sviði þeir eru. Reykjavíkurborg getur tekið ákvörðun um sveigjanleg starfslok sé áhugi fyrir því. Hér er um pólitíska ákvörðun að ræða. Ýmist gæti viðkomandi haldið áfram vinnu á starfssamning sínum eða gert nýjan. Eðlilegt er að þeir sem starfa eftir sjötugt haldi sínum kjörum/njóti sömu kjara og þeir sem eru yngri. Það eru mannréttindi að geta tekið ákvarðanir um atvinnumál sín. Það hlýtur að vera réttur hvers og eins án tillits til hvort mannekla ríki í ákveðnum störfum eða hjá ákveðnum stéttum. Missir er fyrir samfélagið að sjá á eftir því fólki af vinnumarkaði fyrir þær einar sakir að ná sjötugsaldri. Um er að ræða dýrmætan mannaud.

Greinargerð

Sveigjanleg starfslok eru sjálfsögð mannréttindi. Ekki vantar störfín, en mikil vöntun er á vinnuaflí nánast hvert sem litið er. Reykjavíkurborg hefur verið óvenju þversum þegar kemur að sveigjanlegum vinnulokum. Í stað þess að sjá ávinninginn svo ekki sé talað um réttlætið í frelsi einstaklings til að vinna eins lengi og hann vill og getur, hefur borgin sett skorður og girðingar. Það helsta sem boðið er upp á nú er heimild til að óska eftir undanþágu til eins árs hverju sinni. Ekki er vitað hversu auðfengin slík undanþága er. En betur má ef duga skal. Flokkur fólksins segir burt með girðingar og hindranir þegar kemur að aldri og atvinnumálum